



The Organisation of
Disabled in Iceland

Hátúni 10, 105 Reykjavík, ICELAND
Tel.: 354 530 6700, Fax: 354 530 6701
E-mail: obi@obi.is, Web: www.obi.is

Alþingi
Erindi nr. P 127/1057
komudagur 8.3.2002

Reykjavík, 6. mars 2002.

Nefndasvið Alþingis,
Allsherjarnefnd,
Austurstræti 14,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til umferðarlaga.

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til umferðarlaga, 140 mál, hægri beygja á móti rauðu ljósi.

Á fundi framkvæmdastjórnar Öryrkjabandalags Íslands 21. febrúar síðastliðinn var frumvarp þetta kynnt. Leggst framkvæmdastjórnin eindregið á móti frumvarpinu þar sem breyting þessi á umferðarlögum mun skapa stórhættu fyrir gangandi vegfarendur. Reyndar verður það svo að ýmsum hópum fatlaðra svo sem fólki í hjólastól, blindu og sjónskertu fólki mun verða gert nær ókleift að komast leiðar sinnar á eigin spýtur.

Öryrkjabandalagið hefur leitað álits erlendra systursamtaka sinna á frumvarpi þessu og eru umsagnir á einn veg; breytingin skapar stórhættu fyrir fatlaða. Einnig kemur fram að hægri beygja á móti rauðu ljósi er ekki leyfð í Evrópulöndum.

Öryrkjabandalag Íslands hefur undir höndum tölvubréf frá Guðbjörgu Lilju Erlendsdóttur, umferðarverkfræðingi, og er eftirfarandi kafli birtur með leyfi hennar:

Með þeirri aðgerð væri stórlega vegið að öryggi óvarinna vegfarenda sem fyrir er mjög slæmt (Í Svíþjóð eru óvarðir vegfarendur u.þ.b. 1/3 hluti þeirra sem deyja í umferðinni og 2/3 hlutar þeirra sem skadast í umferðinni. engin ástæða er til að áætla að Ísland skilji sig mikið frá þessu).

Helstu ókostir þess að leyfa hægribeygju á rauðu ljósi eru:

- 1. Almenn vanvirðing fyrir rauðu umferðarljósi (t.d. á stöðum þar sem vegna aðstæðna væri bannað að taka hægri beygju á rauðuljósi)*
- 2. Vegið er að öryggi óvarinna vegfarenda. Reynslan hefur sýnt að okumenn einbeita sér um of að líta til vinstri til að sjá hvort önnur*



ökutæki séu á leiðinni, en sjá ekki gangandi og hjólandi vegfarendur sem koma frá hægri.

3. Kostnaður vegna athuguna og því á hvaða gatnamótum sé mögulegt að leyfa hægribeygju á rauðu ljósi á hvaða gatnamótum það sé ekki æskilegt.

Ávinningur af því að leyfa þetta er vissulega til staðar en þegar allt er tekið saman eru ókostirnir og áhættan kostunum yfirsterkari.

Umferðaröryggisráð Nýja-Sjálands sem þykir framalega í umferðaröryggismálum hefur t.d. gert athugun á því hvort leyfa ætti hægribeygju á rauðu ljósi þar. Niðurstaðan er í samræmi við það sem ég hef tint til hér að framan.

http://www.ltsa.govt.nz/legislation/road_user/rur_left_turn.html

Á heimasíðu "Pedestrian and Bicycle Information Center" í Bandaríkjunum er tekið í sama streng.

<http://www.walkinginfo.org/de/signals/right/>

Örkyrjabandalag Íslands væntir þess að Alþingi taki mannlíf fram yfir ímyndaða hagsmuni í hraðasamfélagi nútímans.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Örkyrjabandalags Íslands

Garðar Sverrisson,
formaður

Arnþór Helgason,
frankvæmdastjóri